

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna færslu Reykjanesbrautar o.fl. við álverið í Straumsvík.**

Skipulagsstofnun staðfesti 16. desember 2021 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn 13. október 2021.

Í breytingunni felst færsla Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkuraflleggjara að sveitarfélagamörkum við Voga, þannig að brautin verður í óbreyttri legu en færist ekki til suðurs eins og áður var áformað. Mislæg gatnamót verða við Rauðamel og gönguleiðir breytast.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 16. desember 2021.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2022